

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Spákonufellshöfða

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Spákonufellshöfða voru lögð fram til kynningar þann 16. júní 2022 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 15. ágúst 2022. Erindi voru send til samráðsaðila, svo og þeirra sem sóttu opinn kynningarfund vegna áætlunarinnar, þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá fimm aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.



Aðilar sem sendu inn ábendingu	Viðbrögð samstarfshóps
<p>Náttúrufræðistofnun Íslands Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á eftirfarandi atriði:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Í lýsingu á jarðfræði er lagt til að nota orðið stuðlaberg frekar en stuðlabergsbasalt ekki síst þar sem fram kemur að aðal bergtegundin sé gabbró. 2. Í kafla 1.3. er talað um lög um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021 en á að vera auglýsing. 3. Fjallað er um fuglaskoðunarhús en ekki kemur fram hvar áætlað er að það verði staðsett eða hversu stórt það verður. Gæta verður þess að það falli vel inn í umhverfið og hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd jarðminja. 4. Ekki ætti að leyfa flug fjarstýrðra loftfara yfir varpsvæðum fugla á varptíma. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Texta var breytt í samræmi við athugasemdina. 2. Texti var leiðréttur. 3. Í lokatexta áætlunarinnar kemur fram að fuglaskoðunarhúsið verði staðsett nyrst í Höfðanum. Staðsetning þess var ákveðin í samráði við Náttúrustofu Norðurlands eystra. Teikningar af fyrirhuguðu húsi voru einnig bornar undir starfsmenn hennar. Bætt var við textann að fyrirhugað er að byggja útsýnispall á undirstöðum sem eru fyrir hendi. 4. Sett var inn ákvæði um bann við flugi fjarstýrðra loftfara á varp- og ungatíma á tímabilinu 20. apríl – 20. júlí að undanteknu flugi vegna leitar- og björgunaðgerða og vegna lögbundinna rannsókna og eftirlits með náttúru- og menningarminjum.

<p>Minjastofnun Íslands</p> <p>Minjastofnun Íslands bendir á að minjar voru skráðar í Spákonufellshöfða vegna vinnslu aðalskipulags árið 2009. Töluverður fjöldi minja er innan svæðisins og fylgir samantekt yfir minjarnar auk skýrslunnar sjálfrar.</p> <p>Jafnframt bendir Minjastofnun á að mikilvægt sé að útlínur minja verði sýndar á skipulagsupprætti þegar þar að kemur og tekið verði tillit til þeirra við allar framkvæmdir á svæðinu. Allar minjar njóta að lágmarki 15m friðhelgi frá útbrún þeirra og eru framkvæmdir óheimilar innan þess svæðis nema að fengnu leyfi frá Minjastofnun Íslands.</p>	<p>Kafli 2.3. Bætt var við texta um minjarnar sem nefndar eru og vísað í skráningarskýrslu. Samantekt frá minjaverði er í viðauka V. Lagt er til að skýrslan vegna aðalskipulagsvinnu verði aðgengileg á heimasíðu svæðisins.</p> <p>Einnig var bætt við texta að leita skuli leyfis frá Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda en í kafla 1.3. kemur fram að Minjastofnun Íslands fer með umsjón og stjórnýslu menningarminja, fornleifa- og byggingararfs, í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarmingar.</p> <p>Ábendingu varðandi skipulagsupprætti er komið á framfæri við fulltrúa Skagastrandar og sérfræðing svæðisins hjá Umhverfisstofnun sem eru í vinnuhópnum um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.</p>
<p>Vegagerðin</p> <p>Vegagerðin gerir engar athugasemdir við innihald stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Spákonufellshöfða.</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar fyrir.</p>
<p>Fiskistofa</p> <p>Fiskistofa spurðist fyrir hvort áætlunin hefði áhrif á möguleika á nýtingu vegna netaveiða á göngusilungi í sjó í nágrenni Spákonufellshöfða. Ef ekki hefði Fiskistofa ekki frekari athugasemdir.</p>	<p>Áætlunin hefur ekki áhrif á veiðar í sjó. Umhverfisstofnun þakkar ábendingu.</p>
<p>Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið</p> <p>Ábendingar bárust frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.</p>	<p>Unnið var úr ábendingum ráðuneytisins.</p>